

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Heiðdal Heiðdalsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 11. maí 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. maí 1975.

Nr. 144/1974. Ólafur Þórarinsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Sigurjóni Sigurðssyni og

Kristrúnu Sigurðardóttur

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Lögbann. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvalla-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fólgeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn hæfilegri tryggingu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m. a. tvö vottorð frá sýslumanni Rangárvallasýslu. Er annað dagsett 30. apríl 1974, svohljóðandi:

„Að beiðni Þorvalds Lúðvíkssonar, hrl., vottast hér með, að sáttar þeirrar um landskipti, sem gerð var milli Háfshóls og annarra bæja í Háfshverfi hinn 20. janúar 1932 og innrituð var í veðmálabækur embættisins hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp, er ekki getið í veðmálaregistri á blöðum viðkomandi jarða og því hæpið, að hennar hafi verið getið í veðbókarvottorðum fyrir jörðina Háf í Djúpárhreppi (áður Ásahreppi)“.

Hitt vottorðið er dagsett 7. maí 1975 og hljóðar þannig: „Hér með vottast, að sátt sú, sem gerð var hinn 20. janúar 1932 og fyrirframinnrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu 27. júní 1933, um landskipti Háfshóls og annarra jarða í Háfshverfi hefur eigi verið færð í landamerkja-eða landskiptabækur embættisins, svo séð verði“.

Af gögnum máls er ljóst, að ágreiningur er með aðiljum um merki milli jarða þeirra. Stefndu telja, að skurður sá, er þeir hyggjast láta grafa, verði á merkjum, en áfrýjandi telur skurðinn munu verða á sínu landi, enda hafi hann öðlast eignarrétt á landi því, sem framangreind sátt tekur til, fyrir traustfang eða hefð. Ekki verður skorið úr ágreiningi um landamerki í þessu máli. Eins og hér hagar til, þykir eigi næg ástæða til að synja lögbannsbeiðni áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 26. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, er hann metur gilda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, er hann metur gilda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og

Einars Arnalds.

Ágreiningslaust er í málinu, að skurður sá, er stefndu hyggjast láta grafa, á að liggja á merkjum þeim, sem ákveðin voru í sáttargerð þeirri frá 20. janúar 1932 og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði. Sáttargerðin var fyrirfram innrituð „í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu L. 12 nr. 61, bls. . . . til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp“. Með þessari sáttargerð var breytt merkjum þeim, sem ákveðin höfðu verið með landskiptagerð 25. júní 1929. Hefur landamerkjum samkvæmt sáttargerðinni ekki verið hnekkkt með dómsúrlausn eða öðrum lögmætum hætti. Er því eigi í ljós leitt að svo vöxnu máli, að fyrirhugaður skurðgröftur raski rétti áfrýjanda með ólögmætum hætti, en aðiljar eiga þess kost að bera ágreining um merkin undir bæra dómstóla. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 25.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, greiði stefndu, Sigurjóni Sigurðssyni og Krístrínu Sigurðardóttur, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Rangárvallasýslu 19. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 12. júlí sl., hefur Ólafur Þórarinsson bóndi, Háfi, Djúpárhreppi, höfðað fyrir fógætaréttinum með lögbannsbeiðni til sýslumanns Rangárvallasýslu, dags. 21. júní sl.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þess krafist, að lagt verði lögbann

við grefti á framræsluskurði, er eigendur Háfshóls, Djúparhreppi, hyggjast láta grafa í landi Háfs.

Auk þeirrar kröfu, sem að framan getur, krefst gerðarbeiðandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarpola.

Af hálfu gerðarpola, Sigurjóns Sigurðssonar og Krístrúnar Sigurðardóttur, eigenda Háfshóls, er þess krafist, að kröfu gerðarbeiðanda um lögbann verði hafnað og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 25. júní 1929 fóru fram landskipti á beitolandi og engjum Háfshverfisjarða í svonefndum Vatnsskákum. Undir þessa landskiptagerð rituðu m. a. þáverandi eigendur jarðanna Háfs og Háfshóls, þeir Sigfús Guðnason, bóndi í Háfi, og Sigurður Sigurðsson, bóndi í Háfshól, fyrir sjálfan sig og meðeiganda sinn að jörðinni.

Hinn 18. desember 1931 gaf Sigurður Sigurðsson, bóndi í Háfshól, út sáttakæru til sáttanefndar Ásahrepps, þar sem hann bað sáttanefndarmenn að kalla sameignarmenn Háfshverfis, þá Ingimund Jónsson, Hala, Sigfús Guðnason, Háfi, og Vigdís Sigurðardóttur, Háfshjáleigu, ásamt sér f. h. Sigurðar Jósefssonar í Sandhólaferju samkvæmt skriflegu umboði, til að reyna samkomulag með þeim um, að landskiptin frá 25. júní 1929 yrðu úr gildi felld og ný skipti yrðu látin fara fram, þar sem lögð yrðu til grundvallar þau eignarhlutföll, sem matið frá 1845 byggðist á, þannig að Háfshóllinn fengi $\frac{1}{3}$ af engjum og beitolandi hverfisins.

Hinn 20. janúar 1932 hélt sáttanefnd Ásahrepps sáttafund með framangreindum aðiljum, og komst sátt á með þeim þannig, að aukið var við land Háfshóls frá landskiptunum 1929, og var sá landauki af Háfslandi, og greiddi Sigurður Sigurðsson Sigfúsi Guðnasyni kr. 200 fyrir land þetta. Í lok sáttargerðarinnar segir svo: „Láta allir hinir mættu aðilar sérstaklega getið, að með þessari sáttargerð sé öllum ágreiningi lokið viðvíkjandi landamerkjum nefndra jarða, og full og óhagganleg sátt komin milli þeirra um allt hvað landamerkjum þessum viðkemur . . .“. Undir sáttargerð þessa rituðu allir fyrrnefndir aðiljar.

Framangreind sáttargerð var innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Gerðarbeiðandi lét grafa skurð sumarið 1972 eftir línu dreginni samkvæmt landskiptagerðinni frá 1929. Skurð þennan nefnir gerðarbeiðandi markaskurð milli Háfs og Háfshóls. Upplýst er

í málinu og ómótmælt, að u. þ. b. viku áður en sá skurður var grafinn, óskuðu gerðarþolar eftir því við gerðarbeiðanda, að hann gengi með þeim á merki, en hann neitaði því alfarið og kvaðst enga skurði hafa vilja. Gerðarþolar kveðast hafa mótmælt skurðgrefti þessum við fyrsta tækifæri. Gerðarbeiðandi kveður eigendur Háfhóls hafa greitt kostnað af fyrrnefndum merkja-skurði, að hálfu hvorn aðilja, en í greinargerð gerðarþola segir, að þeir hafi aldrei greitt neitt í skurði þessum. Aftur á móti hafi Jón Karlsson, Hala, sem hafi Háfhól á leigu, greitt kostnað við skurðinn að hálfu vegna Háfhóls, en þar hafi hann talið sig vera að greiða hluta Háfhóls í markaskurði milli Hala og Háfhóls, þó annað komi í ljós síðar.

Gerðarþolar hafa í hyggju að láta grafa skurð eftir línu dreginni samkvæmt sáttargerðinni frá 1932, sem þeir hugsa sem markaskurð milli Háfhóls og Háfs, og er það þessi fyrirhugaði skurður, sem gerðarbeiðandi hefur beðið um lögbann gegn grefti á.

Báðar línurnar samkvæmt landskiptagerðinni frá 1929 og sáttargerðinni frá 1932 hefur Valur Þorvaldsson ráðunautur, Selfossi, dregið inn á uppdrátt, gerðan af Ásgeiri L. Jónssyni í september 1928, dskj. nr. 8.

Málsástæður og lagarök.

Gerðarbeiðandi kveður skurð þann, sem fyrirhugað sé að grafa frá Gömlu tóft að Kringlutjörn samkvæmt mælingum Vals Þorvaldssonar ráðunauts, verða inni í landi sínu, en árið 1972 hafi hann sjálfur látið grafa markaskurð milli lands síns og Háfhóls frá Gömlu tóftum að Kringlutjörn, en sá skurður liggi miklu norðar en hinn fyrirhugaði skurður.

Fyrir þeim skurði hafi einnig mælt Valur Þorvaldsson ráðunautur og hafi hann verið í samræmi við landskiptagerð á Háfstorfunni frá 1929 og uppdrátt þann, er Ásgeir L. Jónsson gerði af landinu eftir skiptagerð 1929. Telur gerðarbeiðandi ljóst, að ef hinn fyrirhugaði skurður verði grafinn, sé hann það langt inni í landi sínu, að sneiðast muni af því um 42 ha, og sé honum því nauðsynlegur einn kostur með heimild í 26. gr. laga nr. 18/1949 að láta leggja lögbann við þessari fyrirhuguðu athöfn, er raska mundi rétti hans svo stórlega. Grandleysi sitt um sáttargerðina veiti honum fullkomna vernd, enda beri fógeta að koma í veg fyrir, að fyrirhugaður markaskurður verði grafinn, á meðan málið sé óútkljáð fyrir aukadómþingi.

Gerðarþolar kveða landskiptagerð þá, sem sé burðarás mála-

vaxtalýsingar í gerðarbeiðni, hafa ekki verið í gildi um þau merki, er mál þetta varðar, síðan sáttin komst á hinn 20. janúar 1932, og sýndist gerðarbeiðnin því byggjast á grundvallarmisskilningi gerðarbeiðanda, enda sé hvorki vitnað til nýrra samninga né síðari tíma samkomulags um land þetta eða merki þess.

Þegar af því, sem nú hafi verið rakið, sé ljóst, að hafna beri lögbannsbeiðninni, þar eð skilyrði 26. gr. laga nr. 18/1949 séu ekki fyrir hendi, enda sé ljóst, að gerðarpolar eigi allan rétt til athafna þeirra, sem þeir hafi í huga að framkvæma á landinu, þar sem það sé þeirra eign.

Þá víkja gerðarpolar að nokkrum atriðum í gerðarbeiðni. Í fyrsta lagi, að þegar gerðarbeiðandi lét mæla fyrir „markaskurði“ sínum, hafi þeir ekki verið viðstaddir og ekki átt þess kost. Vera megi, að það hafi verið mistök af þeirra hálfu að hafa ekki fyrr gert reka að því að láta gerðarbeiðanda fylla skurðinn aftur eða bæta fyrir landspjöllin á einhvern hátt, en því sé nú lýst yfir, að þeir áskilji sér allan rétt þar að lútandi, þ. á m. að endurkrefja gerðarbeiðanda um það fé, sem hann hafi mótttekið fyrir gröftinn. Í öllu falli sé ljóst, að menn geti ekki að lögum eignað sér land með grefti sem þessum. Í öðru lagi, að landuppdráttur sá, sem vitnað sé til í gerðarbeiðni, hafi verið gerður í september 1928, þ. e. fyrir skiptin, og í þriðja lagi, að það skuli leiðrétt, sem standi í gerðarbeiðni, að fyrirhugaður skurður gerðarpola sé hugsaður sem markaskurður, en ekki sem framræsluskurður.

Þá er vísað til skiptagerðar frá 11. desember 1952 milli Háfs og Háfshjáleigu, sem frammi liggur í málinu, en í þeirri skiptagerð sé beinlínis vísað til hornmarks sunnan Kringlutjarnar, sem væri ekkert hornmark, ef það væri ekki endapunktur markalínu Háfs og Háfshólslanda.

Gerðarpolar telja, að nú hafi á ótvíræðan hátt verið rakið, að gerðarbeiðnin hafi við engin rök að styðjast, nema síður væri, því sannað sé af gögnum málsins, að gerðarpolar eigi umrætt land einir og fyrirhugaður skurðgröftur þeirra sé markaskurður, en sú framkvæmd sé þeim að öllu leyti heimil.

Niðurstaða.

Fyrir liggur í máli þessu, að landskiptum á beitilandi Háfs-hverfis, sem gerð voru 25. júní 1929, var breytt að niðurstöðu til, að því er snertir lönd Háfs og Háfshóls í Djúpárhreppi (áður Ása-hreppi til ársins 1935), með sáttargerð milli eigenda þessara jarða m. a., dags. 20. janúar 1932. Með sáttargerð þessari, sem

er öðrum þræði afsal, er nokkru af landi Háfs afsalað til eigenda Háfshóls, og kom full greiðsla fyrir. Sáttargerð þessari var þinglýst á manntalsþingi Ásahrepps á árinu 1933.

Óumdeilt er, að skurður sá, sem gerðarpolar hafa fyrirhugað að grafa, sé rétt dreginn inn á uppdrátt á dskj. nr. 8 samkvæmt framangreindri sáttargerð.

Ljóst virðist vera eftir þeim málavöxtum, sem fyrir liggja, að landskiptagerð sú, sem gerðarbeiðandi byggir lögbannskröfu sína á, hafi ekki verið í gildi um þau merki, sem mál þetta varðar, síðan umgetin sátt komst á hinn 20. janúar 1932, enda hefur gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á, að hann hafi öðlast betri rétt til umrædds lands en fyrri eigendur jarðarinnar Háfs höfðu.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, verður að líta svo á, að fyrirhugaður skurðgröftur gerðarpola í mörkum síns lands væri ekki slíkt réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda í skilningi 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbanni geti varðað.

Ber því að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð nái fram að ganga, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Umbeðið lögbann skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. maí 1975.

Nr. 68/1975. **Othar Örn Petersen**

gegn

Guðjóni Ingvarssyni og

Hólmari Víði Gunnarssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Vixill. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 14. maí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjar-